

C

Q

T

F

3. tbl
18. árg
júli
2000



Frá aðalfundi Í.R.A. sem haldin var í Próttheimum 20. maí 2000
Myndina tók TF5BW

Í þessu blaði:

Frá ritstjóra.....	2
Frá formanni	3
Fundargerð aðalfundar Í.R.A. 20. maí 2000	4
TF Útileikarnir 2000	7
Lög Í.R.A. samþ. á aðalfundi 20. maí 2000	12
Ársreikningar Í.R.A. 1999	15
Unnið við endurvarpann Tóta.....	16

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innan lands og utan.*
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.*
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- Örva radióíþróttir meðal radióamatöra.*
- Próa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.*
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.*

Í stjórn ÍRA 2000-2001 eru:

Formaður: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaformaður: Bjarni Sverrisson TF3GB
Ritari: Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Guðjón H. Egilsson TF3WOT
Meðstjórnandi: Heimir S. Jónsson TF3TXT
Varamaður: Friðrik Kristjánsson TF3FK
Varamaður: Halldór Christensen TF3GC

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Utgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Próttheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Símanúmer talhólf ÍRA er 881-2158.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> og er það að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar.

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Á aðalfundi ÍRA, sem haldin var 20. maí sl. urðu nokkur tímamót í sögu félagsins.

Þar var, með samþykkt nýrra laga ÍRA, lagt niður embætti spjaldskráritara og tekið upp embætti meðstjórnanda. Embætti spjaldskráritara hefur verið, eins og nafnið ber með sér, að halda utan um "spjaldskrá" félagsins sem hefur þýtt í raun umsjón með félagatali. Samkvæmt nýju lögnum heyrir félagatalið undir embætti gjaldkera, sem það hefði raunar átt að hafa gert lengi því hver hefur betri yfirsjón yfir það hverjir greiða félagsgjöld en gjaldkeri. Mér þótti heldur klént þegar gjaldkeri gat ekki svarað spurningu minni, á síðasta aðalfundi, um það hve margir sem væru á félagatali ÍRA hefðu ekki greitt félagsgjöld síðastliðinn tvö ár og hví ekki væri búið að taka þá út af félagatalinu eins og lög félagsins mæla fyrir um, heldur beindi þessu til spjaldskráritara. Nú verður ekki um það að ræða aftur þar sem samkvæmt nýjum lögum þá er þetta sett undir embætti gjaldkera. Einnig finnst mér að bjóða ætti félögum ÍRA upp á þann kost að láta taka félagsgjaldið sjálfvirkt af kredittkorti og mætti þá einnig bjóða upp á þann kost að taka gjaldið í tvennu lagi. Ég geri þetta hér með að tillögu minni og vænti viðbragða frá félagsmönnum.

Þeir félagar Loftur TF3LJ og Þór TF3GW gerðu sér ferð norður fyrir heiðar helgina 17 og 18 júní og fóru fimnum höndum um endurvarpann Tóta TF5RPD. Gerðar voru ýmsar mælingar á endurvarpanum og reyndust Cavity síurnar í góðu lagi en ýmislegt annað mátti betur fara. Tekinn var úr loftnetsrásinni RF sía, bandpass sía færð í móttökurás og endurstíllt og í ljós kom að sterkt merki frá sendi ríkis sjónvarpsins á 182,1 MHz lekur inn á móttökuna. Félagið þarf að verða sér út um bandpass síu til að sía þetta merki út. Létt var á squelchinum, næmni móttaka aukið og ýmislegt fleira var stíllt. Telja þeir félagar að um 7db bót hafi orðið á móttökunni við þessar aðgerðir. Síðar í sumar stendur til að prófa annað og mögnunarmeira loftnet við endurvarpann og skipta um loftnetskapal. Þarna voru greinilega fagmenn að verki og með þau mælitæki sem þurfti til að vinna gott verk og kunnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir.

Eftir þessar gagngeru breytingar lögðum við Bárður TF5BG síðan land undir hjól laugard. 24. júní til að kanna hversu mikið gagn væri af þessum breytingum. Er skemmst frá því að segja að munurinn er umtalsverður. Stór svæði sem áður voru sambandslaus eru nú kominn í samband við endurvarpann og sumstaðar dugir jafnvel 5 vatta handstöð og rubberduck loftnet. Ekki er nokkur spurning að enn á þetta eftir að batna þegar nýtt loftnet verður sett upp. Vonir stóðu til að jafnvel mundi verða hægt að ná endurvarpanum frá Húsavík eða nágrenni en því miður gekk það ekki eftir og var þó farið upp á Húsavíkurfjall en jafnvel þar var ekkert samband. Nánar verður fjallað um þetta síðar.

73 de TF5BW

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Síðasti aðalfundur ÍRA kaus eftirfarandi menn til setu í stjórn:

Formaður Haraldur Þórðarson TF3HP og til tveggja ára voru kosnir þeir Bjarni Sverrisson, TF3GB og Heimir Jóns-

son, TF3TXT. Fyrir sátu í stjórn TF3VS og TF3WOT. Stjórnin hefur skipt með sér verkum þannig:

Varaformaður: Bjarni Sverrisson, TF3GB: ritari: Vilhjálmur Sigurjónsson, TF3VS: gjaldkeri: Guðjón Egilsson, TF3WOT: meðstjórnandi: Heimir Jónsson, TF3TXT. Bjarni féllst á að taka að sér áframhaldandi umsjón með QSL þjónustu.

Nýliðnar náttúruhamfarir á Suðurlandi hafa óneitanlega leitt hugann að þætti radióamatöra í uppbyggingu neyðarþjónustu fyrir almenning en eins og við vitum eða ættum að vita er að leyfisveiting til amatöra er háð þjónustu við hinn almenna borgara og víðast erlendis er þjónustan sterkur þáttur í starfi amatöra. Má t.d nefna að í USA er amatörum skylt að taka þátt í neyðarfjarskiptum enda eru þeirra réttindi, til þess að setja upp eðlilegan fjarskiptabúnað sjálfsögð en ekki háð duttlungum nágranna eins og hér á landi þar sem amatörar hafa mátt setta sig við það að vegna þess að einhverjum hefur þótt ljótt að horfa á loftnetin okkar þó svo hinir sömu hafi síðan sett upp gervihnattamóttakara án allra leyfa. Eða hvernig var farið með amatöra hér áður fyrir vegna truflana sem komu fram í sjónvörpum, oftast vegna lélegs útbúnaðar sjónvarpsmegin. Ég veit að nýlega var kvartað undan því að amatör hefði truflað sjónvarp (hann flutti úr hverfinu fyrir 10 árum) en sá sem kvartaði var enn með greiðu og magnara fyrir “kanasjónvarpið”.

Radióamatörar hafa þrátt fyrir allt veitt mikla

þjónustu við almannavarnir Íslands. Fimm manna hópur hefur allt frá því fyrir 1980 veitt þjónustu í fjarskiptabás Almannavarna ríkisins. Settu þeir fjarskiptakerfið upp á sínum tíma og sáu um rekstur þess um mörg ár.

Í sambandi við tvær stórar æfingar, Samvörð 97 og Samvörð 2000 sem voru haldnar hér á landi voru það radióamatörar sem sáu um skipulagningu á fjarskiptaleiðum þátttakenda bæði innlendra og erlendra. Einnig fyrir þá aðila sem sáu um að „keyra“ hana áfram. Þar komu þeir fyrst og fremst fram sem radióamatörar og sýndu að þeir voru traustsins verðir með kunnáttu sinni og færni við ólíkar aðstæður og hlutu almennt lof fyrir sitt framlag, sem eins og alltaf var lagt fram í sjálfböðavinnu. Samtals komu að þessum æfingum um 30 leyfis-hafar.

Vitanlega þurfum við að halda áfram á þessum nótum bæði til þess að gera almenning og stjórnvöld meðvituð um hversu öflugt fjarskiptakerfi við getum sett upp við erfiðar aðstæður ef yfir okkur skyldu ganga meiri og hrikalegri náttúruhamfarir. Ég fullyrði að við erum nánast einir um að geta sett upp slíkt kerfi án utan-komandi aðstoðar.

Kannski tekst okkur að gera okkur sýnileg á komandi árum þannig að það verði betri kostur í framtíð fyrir stjórnvöld að snúa sér til okkar en ekki einhverra leigubílastjóra um neyðarfjarskipti

Útileikarnir verða á sínum tíma um Verslunarmannahelgi og einnig verður farið í Knarrarósvita í ágúst en þá er tilvalið að taka maka og börn með í útilegu.

73 de TF3HP
Haraldur Þórðarson

Fundargerð aðalfundar ÍRA 2000

Fundarritari var Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Formaður setti fundinn kl. 13:45

Fundarstjóri var kjörinn TF3KB og fundarritari TF3VS. Engin umboð fjarstaddra félaga voru borin upp.

Í upphafi fundar minntist formaður þriggja látinna félaga,

þeirra Þorkels Gunnarssonar TF3AA, Jóns Sigurðssonar, TF3JS og Inga Sveinssonar, TF3SV.

Þá flutti formaður skýrslu stjórnar

- Fyrst rakti hann skiptingu embættastjórnarmanna eftir síðasta aðalfund, en þau voru sem hér segir: TF3TXT varaformaður, TF3WOT gjaldkeri, TF3VS ritari og TF3GB spjaldskrárritari.
- Næst fjallaði hann um samskipti við Póst og fjar-skiptastofnun. Í framhaldi af tillögugerð félagsins að nýrri reglugerð fyrir radióamatöra var haft samband við stofnunina og beðið um viðræður og vinnufundi til að skýra okkar sjónarmið. Erindinu var vel tekið og hefur einn fundur verið haldinn þar sem málið var kynnt og reifað, en engin vinna hefur enn farið fram. Amatörar mæta velvilja hjá stofnuninni, en hún virðist ekki hafa tíma né mannafla til að ganga rösklega að verki eins og þessu. Almennt eru samskiptin mjög góð og er afgreiðsla leyfa og erinda af smærra tagi eins góð og hægt er að ætlast til.
- Hærec tilmæli hafa nú verið fullgilt. Þakkaði formaður TF3DX sérstaklega hans framgöngu í málinu, en hann undirbjó gögn þau er við lögðum fram varðandi það til Pof. Geta nú íslenskir amatörar fengið réttindi í mörgum löndum án frekara prófs, og útlendingar hér á landi sömuleiðis. TF3LFT hefur fengið finnskt leyfi í framhaldi af því og er hann fyrsti Íslendingurinn sem nýtur þessa.
- T-leyfishafar hafa fengið að taka þátt í keppni með undanþágu frá Pof. Nokkrir hafa nýtt sér þetta og tekið þátt. Má ætla að þetta auki áhuga og ýti undir að þeir afli sér frekari réttinda í framtíðinni.
- TF3KB fór á fundi NARU og IARU í umboði stjórnar ÍRA. Hefur birst ýtarleg greinargerð frá honum um fundina og þakkaði formaður honum fyrir góða framgöngu.
- Góð gjöf hefur borist félaginu frá TF3BM, Harris magnari sem hefur nýst vel í keppnisþátttöku og var honum þakkað fyrir velviljann.
- Húsnæðismál eru í nokkru uppnámi og er það ekki ný saga. Um þessar mundir hefur félagið sérher-

bergi á neðri hæð Prótttheima. Er aðgengið nú betra en áður og öll aðstaða, en á móti kemur að nú er félagið krafið um mánaðargreiðslur fyrir veru í húsinu. Fastir rekstrarliðir, þ.e. húsnæði og CQTF er nú orðið um 2/3 af greiddum félagsgjöldum.

- Nokkrir félagar tóku þátt í Samverði 2000. Tókst vel til og taldi formaður að rétt væri að gera meira en verið hefur til að benda á að amatörar taka þátt í almannavörnum og er þátttöku þeirra óskað vegna reynslu og þekkingar á fjar-skiptum sem ekki liggur annarsstaðar fyrir.

Næst las ritari fundargerð síðasta aðalfundar. Engar athugasemdir voru gerðar við hana og var hún samþykkt einum rómi. TF3T gerði þó athugasemdir við þann hátt sem hafður er á í félaginu, að fundargerð aðalfundar sé ekki lesin og borin undir atkvæði samstundis í lok fundar. Fundarstjóri benti á að það væri skv. lögum félagsins og hefðu ekki komið tillögur fram til breytinga á því fyrirkomulagi.

Þá spurði fundarstjóri um skýrslur embættismanna. TF5BW greindi frá útgáfu fréttabréfsins CQTF, heiðurs-skjalaútgáfum og enn fremur heimasíðu félagsins. Lagði hann fram staðtölur um heimsóknir á síðuna, sem vöktu nokkra athygli fundarmanna og urðu allnokkrar fyrirspurnir í framhaldi af því sem ritstjóri svaraði. Kom m.a. fram að frá upphafi síðunnar hafa 5200 heimsóknir verið á hana, þar af um 3200 frá síðasta aðalfundi svo aukningin er mikil og hröð. Nokkur ásókn er í heiðurs-skjöl frá ÍRA og hafa 70 verið gefin út frá síðustu áramótum. Blaðið kom út skv. venju en hörmulega gengur að fá efni í það og sífellt verr og er nú svo komið að í síðasta blaði var aðeins EIN blaðsíða með aðsendu efni frá félagsmönnum. Tók TF5BW fram að hann hygðist ekki mundu skrifa blaðið, aðeins gefa það út og með þessu áframhaldi væri ljóst að útgáfa hlyti að leggjast af. Að því búnu afhenti hann formanni geisladisk með afritum af öllum CQTF blöðum félagsins sem hann hefur komið höndum yfir og eru það um 1000–1200 blaðsíður. Vitað er að einhver blöð hafa ekki fengist og stendur söfnun enn yfir og verður þá fyllt í eyðurnar eftir föngum.

Fundarstjóri þakkaði TF5BW fyrir skýrslu sína og tók undir varnaðarorð hans varðandi útgáfu fréttabréfsins. Að svo mæltu þakkaði fundurinn ritstjóra með lófataki.

Þá tók TF3KB til máls og sagði frá störfum sínum sem IARU og NARU tengill félagsins. Rakti hann hve mikil vinna er að fylgjast með öllu sem er að gerast í reglu-

gerðarmálum og Evrópusamhæfingum. Nefndi hann að sér virtist annað viðhorf ríkja í Evrópu en hér, en upplýsingaflæði stjórnvalda virðist vera minna hér á landi og erfiðara fyrir almenning að nálgast gögn og upplýsingar á undirbúningsstigi. Einnig vakti hann athygli á mikilli umræðu um skilgreiningu á amatörradíói erlendis. Fram kom að amatörhreyfingin á alþjóða-grundvelli er nú tilbúin með samræmdar tillögur. Eru menn sammála um að morskunnáttukrafa verði áfram fyrir notkun amatöra á HF tíðni, en ekki tekið fram á hvaða hraða og er (veruleg) lækkun almennt væntanleg.

TF3TF spurði hvernig íslenskir radióamatörar gætu haft áhrif á stjórnvöld. TF3KB lýsti því hvernig amatörar erlendis reyna að koma að ákvarðanatöku yfirvalda hvarvetna á frum- og undirbúningsstigum og gera sig gildandi og marktæka á öllum sviðum.

Næst lagði gjaldkeri fram reikninga félagsins. Fram kom að þeir voru ekki áritaðir af endurskoðendum félagsins og sá þeirra sem fundinn sat, TF3FB lýsti því yfir að spurður að hann hefði ekki séð þá og ekkert um þá heyrt fyrir fundinn. Gjaldkeri tjáði fundinum að fjarstaddur endurskoðandi, TF3DC hefði yfirfarið reikninga en áritun ekki borist fyrir fundinn.

TF5BW spurði um sölu tækja og tjáði gjaldkeri að aðeins ein stöð hefði verið seld af þremur og væri reyndar ógreidd enn. Þá spurði TF5BW um fjölda útsendra innheimtuseðla og sagði gjaldkeri þá vera ríflega 180. Lýsti þá TF5BW mikilli óánægju yfir háum kostnaði við innheimtu félagsgjalda og spurði hvað liði því að taka upp innheimtukerfi tengt greiðslukortum, þannig að félagsgjald þeirra sem þess óskuðu væri tekið sjálfvirktt af korti. Svaraði gjaldkeri því að það væri trúlega svipaður kostnaður. Var hann þá spurður hvort kostnaður við innheimtu væri tvöfaldur ef félagi greiddi ekki seðil og fengi sendan annan síðar með ítrekun og kvað hann svo vera.

TF3T fann að því að ógreidd félagsgjöld væru ekki bókfærð sem skuld í reikningum. Gjaldkeri vísaði í tilmæli endurskoðenda frá 1998 um þennan hátt en þetta ylli því að ekki þyrfti að hafa fyrir því að afskrifa ógreidd árgjöld. Mótmælti TF3T þessu fyrirkomulagi og sagði að það væri starf gjaldkera að innheimta félagsgjöldin og væru ógreidd árgjöld ekki bókfærð sérstaklega hefði gjaldkeri ekkert aðhald hvað þetta varðaði og ómögulegt væri að sjá hvort hann stæði sig vel eða illa. TF3TF tók undir þetta, en gjaldkeri vísaði aftur í fyrirmæli endurskoðenda.

TF5BW tók þá til máls og sagðist ítreka spurningu frá síðasta aðalfundi um það hvers vegna félagsmenn væru ekki felldir af skrá fyrir vanskil á félagsgjöldum, eins og lög félagsins mæltu fyrir um, en hann hefði ekki fengið neinar tilkynningar þar að lútandi í tengslum við útsendingar á CQTF. Gjaldkeri staðfesti að engir hefðu undanfarið verið felldir af skrá vegna vangreiðslu og

aðspurður sagðist hann ekki vita hvert ástand væri á þeim málum.

TF3DX tók undir með TF5BW og hvatti til að mönnum yrði gefinn kostur á að greiða með greiðslukortum og taldi hann að ekki næðist góður árangur í innheimtu félagsgjalda á annan hátt án mikillar fyrirhafnar. Þá spurði hann um húsnæðissjóð félagsins, sem ekki sæist í ársreikningum. Gjaldkeri svaraði því til að sá sjóður væri skráður í reikningi sem verðbréfaeign.

TF3KX tók undir með síðasta ræðumanni um innheimtu og taldi að greiðslufall stafaði oft af minnisleysi en því að menn ætluðu að hætta í félaginu.

TF3TXT lagði til að félagsmenn notuðu hvert tækifæri til að minna hver annan á að greiða félagsgjaldið.

Var nú fyrirsprungnum um reikninga lokið og bar þá fundarstjóri undir fundinn hvort samþykkt væri að fresta atkvæðagreiðslu um þá meðan freistað væri að ná sambandi við TF3DC og fá þá áritaða, eða yfirlýsingu þar að lútandi. Var það samþykkt.

Þá var komið að lagabreytingum. TF5BW hafði sent inn nokkrar breytingatillögur sem fylgja með fundargerð. Fundarstjóri lýsti framkomnum lagabreytingum sem eins konar tiltekt í lögum félagsins, en við lagabreytingar hefur m.a. láðst að breyta öðrum greinum sem lagabreytingar hafa áhrif á. Kvaðst hann því myndu bera lagabreytingarnar upp í heild, ef ekki kæmu fram mótmæli við því eða breytingatillögur.

TF3DX tók undir þetta með einni athugasemd, breyting á heiti endurskoðanda í “félagslega skoðunarmenn reikninga” væri andstæð málvitund sinni og vildi hann amk. fella brott orðið “félagslegur”. Tóku ýmsir undir þetta og urðu af þessu nokkrar umræður í léttum tóni þar sem því var m.a. varpað fram hvort ekki væri best að kalla embættið “endurskoðendur” en síðan var samþykkt að leggja til að þeir hétu framvegis “skoðunarmenn reikninga”. Að því búnu bar fundarstjóri upp lagabreytingar í heild með þessari breytingu og voru þær samþykktar samhljóða.

Næst var stjórnarkjör. Var stungið upp á TF3HP áfram til formennsku og það samþykkt með lófataki. Þá voru kjörnir aðrir stjórnarmenn, úr stjórn áttu að ganga TF3GB og TF3TXT. Lagt var til að þeir yrðu endurkjörnir. TF3GC lagði til að TF3AO yrði kjörinn í stjórn, en hann mótmælti og kvaðst ekki geta sinnt því. TF3GC hvatti til að skipt yrði um varaformann og taldi hann að álag á formann væri of mikið. TF8GX spurði þá hvort varaformaður mætti vera T-leyfishafi ef hann þyrfti að ganga í embætti formanns, sem skv. lögum félagsins yrði að hafa B-leyfi hið minnsta. Var bent á að stjórn skipti sjálf með sér verkum og yrði því á valdi nýkjörinnar stjórnar að haga embættum eftir aðstæðum. Aðrar tillögur bárust ekki um stjórnarmenn og voru þeir því sjálfkjörnir. Lagt var til að varamenn TF3GC og TF3FK og end.... skoðunarmenn reikninga, TF3DC og TF3FB yrðu endur-

kjörnir. Mæltist TF3FB undan endurkjöri vegna heilsu-
brests og var þá stungið upp á TF3AO. Voru þeir sjálf-
kjörnir.

Þá lýsti fundarstjóri yfir fundarhléi, en formaður tók af
honum orðið. Sagði hann að öllum mætti vera ljóst að
nokkrir félagsmenn hefðu lagt félaginu mikið til með
óeigingjörnum störfum sínum og kröftum. Mætti þar
nefna sérstaklega þá TF3DX og TF3KB sem hefðu um
langan tíma unnið félaginu af heilug og einnig TF5BW
sem unnið hefði þrekvirki í útgáfu og kynningarmálum.
Hins vegar væri mál manna að þeir væru of ungir til að
gera þá að heiðursfélögum og því hefði stjórnin ákveðið
að láta slá silfurmerki félagsins til að sæma þá með í
þakklætisskyni fyrir vel unnin störf. Að því búnu kallaði
formaður á þá til sín og nældi merki í þá við lófatak
fundarmanna. Svo var gengið til kaffi drykkju.

Að loknu kaffihléi var komið bréf frá endurskoðanda,
TF3DC, með yfirlýsingu um skoðun og áritun reikninga.
Vorur þá reikningar bornir upp og samþykktir
mótatkvæðalaust.

Nú var komið að ákvörðun um árgjald. Komu fram
tillögur: TF3RJT lagði til 3000, TF5BW 3500 og TF3VET
4000 kr. Gjaldkeri kvaddi sér hljóðs og mælti fyrir
hækkun og studdi það rökum úr bókhaldi og rekstri.
Einnig tók hann til að selja mætti CQTF til aukins ágóða
á móti auknum kostnaði vegna húsaleigu. Lagði hann
til að gjaldið yrði 3500 kr. TF3TF tók undir að innheimt
yrði sérstaklega fyrir félagsblaðið utan árgjalda.

TF3DX varaði við því og benti á að einnig væri hægt að
veita afslátt þeim sem tækju blaðið rafrænt af netinu.

TF8GX mælti með að þeir sem tækju blaðið í tölvupósti
greiddu 3000 kr. árgjald, aðrir greiddu 3500 kr.

TF5BW varaði við að selja blaðið og einnig því að mis-
muna mönnum eftir því hvernig þeir fengju það sent.
Hann benti síðan á að betra væri að hækka árgjaldið
smátt og oftar, en sjaldan í stórum stökkum og tóku
nokkrir undir það.

Vorur svo greidd atkvæði um árgjald og byrjað á ýrtruðu
tillögunni 4000 kr. Var hún samþykkt með 7 atkvæðum
gegn 5. Aðrir sátu hjá.

Í framhaldi af þessu var spurt um nýútsenda gíróseðla
og svaraði gjaldkeri því til að þeir hefðu verið sendir út
fyrir mistök að frumkvæði Landsbankans og ættu menn
bara að hunsa þá og henda í ruslið.

Þá voru tekin til umræðu önnur mál.

TF3AO tók fyrst til máls og sagði frá keppni á næstunni
þar sem Hillar Ramaat kæmi til landsins til að taka þátt
ásamt ungum vini sínum Kaleb Skurdal. Hefði hann
greint frá því að hann kæmi með loftnet með sér, “ver-
tical” sem hann hygðist gefa félaginu að keppni lokinni.
Var gerður að þessu góður rómur og Hillar þakkað
fyrir.

TF3HP ræddi um formannaráðstefnu NRAU sem veður
haldin hér á landi eftir rúm 2 ár. Lagði hann til að kjörin
yrði undirbúningsnefnd á fundinum sem sæi um að
ganga frá öllum málum fyrir fundinn. Bað hann þvínaest
TF3KB að greina frá umfangi slíks fundar.

TF3KB sagði hér hreyft við þörfu máli. Eins og áður
hefur komið fram er formennska í höndum Finna en
fyrir velvilja þeirra verður fundurinn haldinn hjá okkur
árið 2002. Ekki væri rétt að kalla þetta ráðstefnu, en
öllu fremur undirbúningsfund, þ.e.a.s. þetta er NRAU
fundur til undirbúnings fyrir IARU fundinn sem er
mánuði síðar. Þátttakendur eru einatt 4-6 frá hverju
landi og miðað er við að þetta taki helgi svo vinnutap
verði í lágmarki.

Það sem tekið er fyrir er:

- Undirbúningur undir IARU fundinn
- Samnorræn mál, t.d. keppnisfyrirkomulag
s.s. í SAC og NARU keppni
- Skrifstofumál, þar sem fjallað er um rekstur
félaganna og skrifstofur þeirra.

Norðmenn hafa nú mikla reynslu af fundum
sem þessum, en síðasti fundur var þar og tókst vel til.
Ætla þeir að miðla okkur af reynslu sinni og láta fé-
laginu ýmis gögn í té til að auðvelda undirbúning.

TF3DX og TF3TF fögnuðu þessu framtaki ásamt ýmsum
sem tóku til máls. Voru margir nefndir sem vænlegir til
starfa í undirbúningsnefnd en engir þó kosnir heldur
stjórn falið að skipa nefndina úr því mannvali sem til-
nefnt var, enda ýmsir af þeim fjarstaddir. TF8GX kvað
upp með það á fundinum að hann myndi ekki taka sæti
í nefndinni þótt hann hafi verið tilnefndur.

TF3DX spurði um þá sem hefðu tekið amatörpróf á
síðasta ári. Hafði hann grun um að margir þeirra væru
ekki komnir í loftið þrátt fyrir leyfiog velti upp spurningu
um hvort félagið gæti gert eitthvað til að koma mönnum
af stað. TF3HP tók undir þessi orð og taldi einhverja
brotalöm vera í þessu efni. T.d. héldi hann að enginn af
þeim sem fékk nýliðaleyfi hefði farið í loftið og þyrfti
að kanna hvað mætti gera til úrbóta.

Fleiri tóku ekki til máls og sleit fundarstjóri fundinum
kl. 17:15

Fundargerð ritaði TF3VS
Vilhjálmur Sigurjónsson

Athygli skal vakin á því að fundargerðin hefur ekki verið
borinn upp til samþykktar og gætu því orðið á henni
breytingar.

Ritstjóri.

TF útileikarnir 2000

TF-útileikarnir verða haldnir um verslunarmannahelgina. Tilgangur útileikana er að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innanlands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatörradíós.

1. Aðalþáttöku tímabil:

kl. 1700-1900 laugardag 5. ágúst 2000

kl. 0900-1200 sunnudag 6. ágúst 2000

kl. 2100-2400 sunnudag 6. ágúst 2000

kl. 0800-1000 mánudag 7. ágúst 2000

Þó má hafa samband hvenær sem er um verslunarmannahelgina, enda fari heildar þáttökutími hverrar stöðvar ekki yfir 9 klst. miðað við höfð QSO. Sé stöð opnuð og samband haft, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálf tími til viðbótar reiknast 30 mín. Samband við sömu stöð á sama bandi telst gilt svo fremi að a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sambandi. Þrjú sambönd er hámarks fjöldi sambanda við sömu stöð á sama bandi, samanber þó að 40/30/20/17/15/12/10 metrar reiknast sem eitt band. Þeir sem eru með VFO ættu ekki að rabba um daginn og veginn á tíðnum hinna sem eru kristalstyrðir. Munið nýju innanlandstíðnina 3633 kHz.

2. Skilaboð

a) Lágmarksupplýsingar sem skipst er á eru: RST og QSO númer. Athugið að láta kallsvæðisnúmer koma fram í kallmerkjunu. Þetta er nægjanlegt til fullgildra sambanda.

Auk þess geta þátttakendur fengið viðbótarþúnga fyrir að skiptast á eftirtöldum upplýsingum:

b) QTH eða QTH-lokator, loftnet, inngangafl í wöttum og ER eða RA.

ER (Ekki rafveita) þýðir að stöðin fái rafmagn sitt að engu leiti frá rafveitukerfi.

RA þýðir að stöðin fái rafmagn sitt að einhverju leyti frá rafveitukerfi.

Einnig eru gefnir þúnga fyrir:

c) QTC (Skilaboð) bæði send og móttakin. QTC eru upplýsingar um QSO (tíma, kallmerki og tíðni), sem þátttakandi hefur haft áður í útileikunum og sendir annari stöð ásamt þeim upplýsingum, sem hann tók

á móti. Upplýsingar um hvert QSO má aðeins senda einusinni í QTC og má sendingin fara fram á hvaða þáttökutímabili og bandi sem er (þó ekki HF QSO á VHF eða öfugt). Senda má hámark þrjú QTC (þ.e. upplýsingar um 3 QSO) til hverrar stöðvar og QTC-ið má ekki greina frá QSOi þeirra á milli. QTC má ekki segja frá utanlands-QSOi nema við íslending erlendis. Aðeins má senda hvert QTC einu sinni.

Dæmi: QTC 1630 TF3PP 3633 569 012 Hengill LW 5W ER.

Sá sem sendi þetta hafði QSO við TF3PP kl. 1630 á 3633 kHz og tók á móti RST 569 og QSO númeri 012 frá honum og því að hann var staddur í Hengli, notaði LW og var með 5W ER stöð.

3. Fullgild QSO

Samband telst þá og því aðeins fullgilt að:

- Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum rétt.
- RST og QSO númer séu rétt móttekin hjá báðum.
- Heyrst hafi R ("Roger" eða allt rétt móttakið) frá stöðinni, sem skipt er við um að hún hafi náð öllu réttu.

4. Bönd

Nota má öll amatörbönd, sem heimil eru skv. reglugerð og leyfisbréfi þátttakanda. Þó er þátttaka á tíðnum á VHF og UHF alveg óháð þáttöku á HF og MF (sjá 9. lið). Enn fremur reiknast 40/20/15/10 metra böndin sem eitt band í þúngtagjöf.

5. Þúngtar

Þúngtar eru reiknaðir fyrir viðskipti við stöð ef fullgilt QSO næst við hana skv. skilgreiningunni að framan (liður 3). Þúngta fjöldi á hverju bandi fer eftir þeim upplýsingum sem skipst er á þannig:

A) Fyrir rétt RST og QSO númer 10p.

B) Fyrir rétt QTH, loftnet, afl ER/RA 10p.

Fyrir rétt QTC sent eða móttakið:

C) Innihald: tími, kallmerki, tíðni, RST og QSO númer 10p.

D) Innihaldi QTC að auki: QTH, loftnet, afl, ER/RA 10p.

Þúngtar reiknast aðeins ef upplýsingaskiptin eru gagnkvæm, þ.e. ef 3b) eða 3c) upplýsingar nást aðeins aðra leiðina reiknast engir þúngtar fyrir það. Framantalið gildir fyrir QSO innanlands og við íslendinga erlendis. Fyrir erlendar stöðvar, ekki

TF-ÚTILEIKARNIR 2000



Samantektarblað

Nafn þátttakanda _____ Kallmerki _____

Póstfang _____

Fjöldi meðfylgjandi radiódagbókarblaða _____

Staðsetning í útileikunum _____

Tæki notuð _____ Afl inn _____ wött

Þáttökuflokkur _____ ER RA

Ummæli/frásögn/tillögur um breyttar reglur o.s.frv. _____

Niðurstöður:

Bönd	$P_5 =$ punktur m/M3=5	$P_8 =$ punktur m/M3=8	$P_{10} =$ punktur m/M3=10	M1	M2	M3
160 metrar						$\frac{5 \times P_5 + 8 \times P_8 + 10 \times P_{10}}{P_5 + P_8 + P_{10}}$
80 metrar						
Önnur bönd						
Samtals:						

Lokaárangur= $(P_5+P_8+P_{10}) \times M1 \times M2 \times M3 =$ _____

Ég undirritaður staðfesti hér með, að ég hef í þessum útileikum farið í einu og öllu eftir settum reglum leikanna svo og reglugerð um radióviðskipti á Íslandi.

Staður _____ Dagsetning _____ Undirskrift/kallmerki _____

starfræktar af íslendingum:

E) Innihald: RST (QSO númer sé skráð en ekki gefið) 1p.

F) Sé að auki skipst á nafni, afli og QTH 1p.

Engir púnktar fyrir QTC.

Á VHF og UHF má hafa samband gegnum endurvarpa eða beint. Til viðbótar fást þar 10 púnktar fyrir hvern km. sem haft er QSO án endurvarpa. Fjarlægðir reiknast á grundvelli QTH reits (QTH lokaror) milli miðpúnkta þeirra reita ("sub-square"), sem stöðvarnar eru í.

6. Margfaldarar

Þeir eru þrír: M1 er fjöldi íslenskra kallmerkja, sem haft var QSO við. M2 er fjöldi íslenskra kallsvæða sem haft var samband við eða úr. Hvert kallsvæði talið einu sinni. M3 fer eftir aðstæðum M3=10 fyrir ER stöðvar, sem bornar voru með aflgjafa meira en eins kílómetra leið á áfangastað. M3= 8 fyrir aðrar ER stöðvar. M3=5 fyrir RA stöðvar.

7. RA Heimastöðvar

Þær fá hvorki púnkta né margfaldara fyrir aðrar RA stöðvar né stöðvar erlendis. Þetta gildir ekki um íslenska þátttakendur erlendis.

8 Lokaárangur

Lagðir eru saman púnktar allra banda (samanber þó að 40/20/15/10 metrar reiknast sem eitt band). Sú útkoma er síðan margfölduð með heildarmargfaldara: Lokaárangur = Púnktar*M1*M2*M3

Hafi menn ekki starfækt stöðvar sínar allan tíman á sama M3 margfaldara, er tekið vegið meðaltal, þ.e.: $M3=10 * P10 + 8 * P8 + 5 * P5$

Heildarpúnktafjöldi

Þar sem P10 er púnktafjöldi með M3=10, P8 er púnktafjöldi M3=8 og P5 er púnktafjöldi með M3=5.

9. Flokkar

Þátttaka er í fjórum flokkum:

1. Hlustarar.
2. Nýliðar.
3. HF/MF flokkur
4. VHF/UHF flokkur.

Hlusturum reiknast punktar skv. 5. lið á grundvelli fullgildra útileika-QSOa og QTCa sem þeir heyra og skrá rétt. Þátttaka í HF/MF flokki og VHF/UHF flokki er alveg óháð og hvorki púnktar né margfaldarar færast á milli þótt sami þátttakandi taki þátt í báðum flokkum. Gildir það einnig um hlustara.

10. Dagbók

Afriti af dagbók skal skila til ÍRA fyrir 1. Október.

Þar skal skráð kallmerki, tími, dagsetning, band, púnktar, margfaldarar og skilaboð, bæði send og móttækin. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda púnkta á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn, heimilisfang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

11. Vafaatriði

Rísi einhver vafaatriði um túlkun reglna hefur stjórn ÍRA eða þeir sem hún tilnefnir endanlegt úrskurðar vald.

Góða Skemmtun.



Lög Í.R.A.

Eins og þau voru samþykkt á aðalfundi 20. maí 2000

FÉLAGIÐ

1. gr. Heiti félagsins er “Íslenskir Radióamatörar”, skammstafað Í.R.A. Félagið er hin íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra, I.A.R.U. Region 1, og norrænu samtökunum N.R.A.U.
2. gr. Heimili félagsins er í Reykjavík með póstfang: Pósthólf 1058, 121 Reykjavík.
3. gr. Markmið félagsins eru að:
 - a) Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
 - b) Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
 - c) Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
 - d) Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
 - e) Efla amatörradíó sem leið til sjálfspjálfunar á tæknisviðinu.
 - f) Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
 - g) Örva radióíþróttir meðal radióamatöra.
 - h) Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
 - i) Stuðla að öflugri æskulýðs starfsemi og kynningu á amatörradíói á meðal ungs fólks.
4. gr. Merki félagsins er tígullaga og er lengri hornalína tígulsins lóðrétt. Mynd merkisins er tákn lofnets, spólu, þéttis og grunntengingar, raðtengt, svo og stafirnir ÍRA. Grannur rammi fylgir útbrún merkisins.

FÉLAGAR

5. gr. Allir áhugamenn um radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar, enda hafi umsækjandi um inngöngu kynnt sér þau og lýst sig samþykkan þeim. Inntöku-beiðni í félagið skal vera skrifleg og sendist stjórninni ásamt árgjaldi. Þó greiði þeir sem sækja um inngöngu í félagið eftir 31. Júlí ár hvert, aðeins hálf árgjald. Afgreiðsla inntökubeiðna liggur niðri milli fyrsta apríl og fyrsta fundar nýkjörinnar stjórnar.
6. gr. Stjórnarfundur getur kjörið heiðursfélaga með samþykki allra stjórnamanna. Honum skal afhent skjal því til staðfestingar. Heiðursaðild varir svo ævilangt. Í félagatali skal ætíð telja upp alla heiðursfélaga frá upphafi í sérstakri skrá.
7. gr. Stjórn er skylt að taka af félagsskrá þá sem ekki greiða skilvíslega árgjald samkvæmt nánari ákvæðum í viðeigandi grein þessara samþykta.
8. gr. Ef brot félagsmanns á lögum eða reglum skaðar hagsmuni amatörhreyfingarinnar, eða hann á annan hátt vinnur gegn markmiðum félagsins, getur stjórnin mælt til þess með bréfi að hann segi sig úr félaginu. Bréfið skal afhenda honum sjálfum eða senda í staðfestum ábyrgðarpósti. Uni viðkomandi ekki þeim málalokum skal hann tilkynna það skriflega innan 6 vikna. Þá skal strax fela nefnd þriggja síðustu formanna félagsins, sem ekki eiga aðild að stjórn, að kynna sér málavöxtu sem best frá báðum hliðum og kveða upp úrskurð um brottvikningu eður ei. Hann skal birtur viðkomandi og öðrum félagsmönnum ásamt rökstuðningi.

Sé bréfi stjórnar ekki sinnt tekur úrsögn sjálfkrafa gildi.

Fáist ekki þrír fyrrverandi formenn í nefndina skal leita í hóp varaformanna, þá ritara, gjaldkera og meðstjórnanda, og telja upp í greinargerð nefndar nöfn og ástæður þeirra sem ekki fengust. Einu gildir þótt maður sé ekki félagi þá stundina, enda hafi brottför hans úr félaginu ekki borið að samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Hverfi maður úr félaginu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar þarf samþykki félagsfundar til að hann fái inngöngu á ný, enda hafi tillögu þess efnis sérstaklega verið getið í skriflegu fundarboði.

GJÖLD

9. gr. Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna, þeir sem eru 67 ára og eldri og

Fáist ekki þrír fyrrverandi formenn í nefndina skal leita í hóp varaformanna, þá ritara, gjaldkera og meðstjórnanda, og telja upp í greinargerð nefndar nöfn og ástæður þeirra sem ekki fengust. Einu gildir þótt maður sé ekki félagi þá stundina, enda hafi brottför hans úr félaginu ekki borið að samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Hverfi maður úr félaginu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar þarf samþykki félagsfundar til að hann fái inngöngu á ný, enda hafi tillögu þess efnis sérstaklega verið getið í skriflegu fundarboði.

GJÖLD

9. gr. Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna, þeir sem eru 67 ára og eldri og yngra fólk en 16 ára greiði hálf árgjald. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjaldldagi er 1. júní ár hvert og eindagi 1. september. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðalfundi viðkomandi árs og skal gjaldið hækka um 20% sé eigi greitt fyrir 1. desember. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflægri aðvörun. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins.

STJÓRN

10. gr. Stjórnina skipa: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hefur umboð aðalfundar til að stýra félaginu og sjá um samskipti við yfirvöld og önnur samtök. Stjórnin skiptir með sér verkum og setur aðstoðarmenn með skriflegri tilskipun. Þessu skal lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum. Einnig skal tilkynna skipun stjórnar til Póst og Fjarskiptastofnunar, I.A.R.U. og N.R.A.U.
Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Hann er talsmaður félagsins.
Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Hann sinnir starfsáætlun og framkvæmd hennar.
Ritari sér til þess að bréflæg erindi fái afgreiðslu, sinnir fundargerðum og heldur gögnum til haga. Skrifri aðrir í nafni félagsins er þeim skylt að láta ritara í té eintak. Ritari sér til þess að afrit af fundargerðum og erindum sem varða marga liggi jafnóðum fyrir í félagsheimili.
Gjaldkeri innheimtir félagsgjöld, varðveitir sjóði og annast greiðslur í samráði við stjórn. Gjaldkeri heldur rétt félagatal á hverjum tíma og varðveitir eldri skrár. Hann sér um útgáfu félagatals Varamenn sitja stjórnarfundi í forföllum. Segi stjórnarmaður af sér milli aðalfunda tekur vara- maður við og gengur sá fyrir sem flest atkvæði hlaut á aðalfundi, ella ræður hlutkesti.
Tveir stjórnarmenn geta boðað til stjórnarfundar án atbeina formanns sjái þeir ástæðu til.
12. gr. Frambjóðendur til formanns skulu hafa B eða C leyfi. Aðrir frambjóðendur til stjórnar skulu vera leyfishafar eða eiga minnst þrjú ár að baki í félaginu.
13. gr. Í málum sem varða lagabreytingar, leyfisveitingar og próf hafa einungis leyfishafar atkvæðisrétt.
14. gr. Félagi sem á óhægt um vik að sækja fund vegna búsetu eða af öðrum ástæðum sem fundurinn tekur gildar, getur falið öðrum félaga með jafnmikinn eða meiri kosningarétt, að fara með atkvæði sitt í tilteknu máli, þó ekki stjórnarkjöri. Þá skal skriflegt umboð þar að lútandi lagt fyrir til samþykktar í upphafi fundar. Enginn getur farið með fleiri umboð en eitt.

FÉLAGSFUNDIR

15. gr. Stjórn boðar til almennra félagsfunda. Henni er skylt að gera það ef 12 leyfishafar hið minnsta æskja þess. Félagshundi skal ætíð halda seinnipart laugardags sé þess nokkur kostur. Boða skal til félagsfunda með a.m.k. viku fyrirvara nema í algerum neyðartilfellum.
16. gr. Félagshundur getur ályktað um mál en ákvörðun er á valdi stjórnar eða aðalfundar.

AÐALFUNDUR

17. gr. Aðalfund skal halda seinnihluta maímánaðar ár hvert. Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað bréflæga eða með auglýsingu í CQ TF. Fundarboð skal póstleggja eigi síðar en þrem vikum fyrir fundar dag.

18. gr. Ef liðnir eru 18 mánuðir frá síðasta aðalfundi geta 12 leyfishafar sem þá höfðu kosningarétt, boðað til aðalfundar, enda riti allir undir fundarboðið með fullu nafni og kallmerki.
19. gr. Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:
1. Kosinn fundarstjóri.
 2. Kosinn fundarritari.
 3. Könnuð umboð.
 4. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.
 5. Formaður gefur skýrslu um starfsemi félagsins.
 6. Aðrir embættismenn gefa skýrslu um starfsemi sinna embætta.
 7. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar.
 8. Lagabreytingar.
 9. Stjórnarkjör.
 10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
 11. Ákvörðun árgjalds.
 12. Önnur mál.
20. gr. Fjárhagsár félagsins skal vera frá 1. apríl til 31. mars ár hvert. Félagslegir skoðunarmenn reikninga skulu hafa rannsakað bókhald félagsins og kannað eignir áður en gjaldkeri leggur fram reikninga. Að rannsókn lokinni undirrita þeir reikningana og láta þess getið að þeir undirriti sem félagslegir skoðunarmenn reikninga. Komist þeir að raun um að bókhaldið sé ekki rétt, skulu þeir láta þess getið og rita stutta greinargerð til skýringar.
21. gr. Stjórnarkosningar skulu vera leynilegar og ræður einfaldur meirihluti.
22. gr. Fyrst skal kjósa formann til eins árs í senn. Næst skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Þá skal kjósa til eins árs í stað aðalmanna sem forfallast. Loks skal kjósa tvo varamenn.

PRÓFNEFND

23. gr. Hlutverk prófnefndar félagsins er að:
- a) Halda próf sem Í.R.A. er falin umsjón með.
 - b) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni.

Í prófnefnd sitja 5 menn, C-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

QSL-ÞJÓNUSTA

24. gr. Reka skal QSL-þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjóri er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort.

CQ TF

25. gr. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

GILDISTAKA OG BREYTINGAR

26. gr. Félagslög þessi taka gildi á aðalfundi 2000 og leysa af hólmi öll eldri lög og samþykktir félagsins. Þeim verður aðeins breytt á aðalfundi, enda hafi tillögur að nýjum eða breyttum greinum borist stjórn félagsins fyrir 15. apríl. Breytingartillögur sem fram koma á aðalfundi skulu einungis varða þær tillögur er þar liggja fyrir og nauðsynlegrar afleiðingar þeirra.

Ársreikningar Í.R.A.

Eins og þeir voru samþykktir á aðalfundi 20. maí 2000

Efnahagsreikningur 31. desember 1999

Eignir:

	1999	1998
Bankainnistæður	89.187	171.709
Verðbréfaeign	375.680	344.000
Áhöld, tæki, húsbúnaður	529.451	529.451
	994.318	1.045.160
Eignir samtals	994.318	1.045.160

Skuldir og eigið fé

Skuldir:

Skuld vegna tækjakaupa	5.004	175.004
------------------------------	-------	---------

Eigið fé:

Höfuðstóll frá fyrra ári	870.156	817.390
Tekjur umfram gjöld ársins	119.158	52.766
	989.314	870.156
Skuldir og eigið fé samtals	994.318	1.045.160

Rekstrarreikningur ársins 1998

Tekjur:

Innborguð félagsgjöld (86+6)	267.000	279.000
Framlög félagsmanna vegna endurvarpa		105.000
Aðrar tekjur (Námskeið)	156.500	
Vaxtatekjur	472	25.203
	423.972	409.203

Gjöld:

Ljósritun, pappír, póstkostnaður	75.458	110.432
Rekstur félagsstöðva	79.642	45.519
Kostnaður vegna námskeiða	118.055	
IARU gjald	9.337	21.897
Fundir, móttaka gesta og fl	3.135	9.910
Greitt vegna endurvarpa.		140.000
Kostnaður vegna giróseðla og þjónustugjöld til banka	19.187	28.679
	304.814	356.437

Tekjur umfram gjöld	119.158	52.766
----------------------------------	----------------	---------------

Unnið við endurvarpann Tóta

Loftur TF3LJ og Þór TF3GW. Myndirnar tók TF5BW



CQ TF

er félagsblað Íslenskra radióamatöra.

Næsta blað kemur væntanlega út í byrjun september hafi ritstjóra borist eitthvert efni til birtingar.